



Bréfa- og málasafn 1951

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Bréf - Agnar kl. Jónsson - Eiríkur Benedikz - Ólafur Thors - Jakob Möller - Gunnar Thoroddsen - Stefán Þorvarðarson - Gísli Sveinsson - H.A. Thomsen - Gísli Sveinsson - Helgi P. Briem – 1951

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-14, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



On board aircraft
from
to
date

25/11 '51.

Bókinn til v. k. á sárt um svok. ófnum um
3 stöður. — Taldit um n. (und) jún. feb. fóður
í Íslensk. Samverf. semil. frum: í Guðr. -
Eftir fluttra f. v. secretariats. Ratt um
sauðina sec. fóður o. laus e.t.o.: smarri
þórg. meðaln. höfðub. miðvikis Evrópu,
hafa það fæst um funderstæt - Straðb. bau-
ðbi til eyjanna. — Pearson t. um sauðina
Atl. semivinnu: sárt. stórum, sem leiki
öll lösvæðingar og nái: t.d. f. l. loip. og loig
heimatssauðina sér milli (e., a. h. óðra),
viturbensi framt. - mál.

Allir henniðla f. -iger miðb. o. of megin,
meigin: réttur um. miðagl. þengi d. uppg.
í funder eyjumist: undinleikin skráð.

Eftir bauðla. segi h. frá U.S.A undibbi: till.
um óðra tilh. endurvopnuna frá alm. ófnum,
hinn ekki sit, st. telur var h. versta, það
sem viðumbe. einst. líndum. Það ekki
meðal. ekki til av. Frumblunn framt.

Printed in the Netherlands *hér er aðririnn* NHU - 20

ven ráðagot. Glæða fór meðinn yfir. Víðurinn
i 157 i stóð 154. Ælstu segir líst ónæsal-angest
mena með þistumum líðsafla, fyrre. Lítksam!

Ríssar ráðið í strax 157 til að binda nýjunni
þ. fjöldi. O. Ael. segir losóð. Bröflukortari ek
dregit semja vit hin fyrir behra að strax.

Eru meðan inni um miðurst-ruun. Þóru þau
o. losóð. Þá er að að í frammið. Frakka

Erlendirken, þær mið tveggis fótt hugus. Si
þáðan. Stílbær meðig henni. Þeirra frammið
"Adenauer sethast þauðið. Þjóði. Þónni
f. Atkibl. alli telja atkibl. en F.N. miðaði.
Atkibl. tala um 2 stig 1) Evróh. 2) Albl.
Telja hugasal. Adenauer

R. L. M. ROYAL DUTCH AIRLINES

Stílegi van Lenni best, en hon um
hafist heim dokki uppi leiðina, einburr
væðilegum, sem sé natiðarlisti.

Person segir erfðanum tíma framundan: Brexita
stjórið stórk ekki honn. Churchill dokki
þverft meðill. - Þingjag miðin stjórið meðill.
Stjórið og löseta honn: U.S.A. - Hugasal.
Heldi se líðra hugasal. Þær telji verður
svo veik. se fyrro. best: Þær: Þeiri trú
í allt hvernig, það sunnarinn óbætur þau
a haptiplássna. Það með segir Finsu helda sunna
hugsa um venni en dokki bærs, en þær ein dokki
bælt. Þær sem þær vísir eru miðit n. áras o. dokki
stjórið. Þær segir fyrir. Það með segir
D. reynd. 1574 og nýan verði helda þessa að sp
se endur. bælt. (L. telja undir það, tala um að sp
ábært ferkvaran. - Einkas. best: Það um að sp

Reykjavík, 5th April, '51.

Dear Sirs:

Please forward to me c/o the Icelandic Legation, 17 Buckingham Gate, London, S.W.1., a copy of The Case of Comrade Tulayev by Victor Serge (Hamish Hamilton) and debit the amount to my account with you.

Yours faithfully,

Bjarni Benediktsson
Minister for Foreign Affairs
of Iceland.

Hugh Rees Ltd.,
47 Pall Mall,
London S.W.1.

Reykjavík, July 30th, 1951.

Dear Sir:

Please dispatch to me c/o the
Icelandic Legation, 17 Buckingham
Gate, London, S.W.1., "The Hinge of
Fate" by Churchill and debit the
amount to my account with you.

Yours faithfully,

(Bjarni Benediktsson)

Messrs. Hugh Rees Ltd.
47 Pall Mall,
London, S.W.1.

Reykjavík, 2. apríl 1951.

Góði vinur:

Eg þakka þér bréf þitt og þykir leitt að heyra, að þú skyldir verða veikur suður í Madrid. Við því er ekki að gera, enda skilst mér, að það muni ekki hafa verið mjög langvint og umsögn Londonarlæknisins vísi til þess, að ekki þurfí að hafa áhyggjur út af þessu.

Héðan er fátt að segja. Á síðustu dögum þing eins gerðist lítið. Í útvarpsumræðunum kom ekkert nýtt fram. Sama daginn og þinginu lauk fór ég til Noregs og var rúman vikutíma í þeirri ferð. Þar gerðist heldur ekkert. Fundurinn sjálfur var nauðaómerkilegur og ég heyrði fátt nýtt sem mikilsvirði varí. Norðmenn tóku mér vinsamlega og Gísli Sveinsson bar mikla umhyggju fyrir mér. Groðinn við ferðina var að komast í nýtt umhverfi dálítinn tíma en beinn árangur enginn.

Aður en ég fór utan höfðu nokkur vandkvæði komið upp í samningnum við Lawson og félaga hans. Það varð því úr, að Lawson fór vestur um haf til viðræðna við stjórn sína og um leið hélđu flestir samstarfsmenn hans á brott. Atlunin var, að Lawson yrði ekki lengur burtu en ég, en raunin varð sú, að honum dvaldist lengur en atlað hafði verið. Kom hann ekki til Reykjavíkur aftur fyrr en á þáskadag og tveir aðstoðarmenn hans nokkru síðar. Fór hans bar þann árangur, að aðalörðugleikanum virðist rutt í braut og virðist mér nú, sem menn séu orðnir sammála í meginatriðum, þó að nokkur atriði séu eftir, einkanlega varðandi réttarstöðu, skaðabetur og annað slíkt. Hefur Hans Andersen undanfarna daga setið í samningnum um þau atriði. Allt tekur þetta sinn tíma en þokast í rétta átt.

Þá hefur einnig staðið á því, að skilyrði skópuðust fyrir útgáfu frílistans. Hafa hvorir borið aðra sökum, við skiptamálaráðuneytið og skrifstofa ECA hér. Um það skal ég ekki dama, að hverjum hefur meira staðið, en mér skilst, að öðrugleikarnir séu að hverfa svo að hægt muni vera að gefa frílistann út einhvern alra næstu daga.

Enn er óvist hvað verður um vinnustöðvarnir. Alþýðusambandið og Alþýðuflokkurinn reyna af öllum kroftum að koma þeim á og okkar menn hengslast með. Um daginn vildu þeir í

Herra atvinnumálaráðherra
Ólafur Thors.

verkalyðsmálanefndinni - mér skilst einkum Gunnar Helgason og Ólafur Björnsson - að Sjálfstæðismenn beittu sér fyrir miðlunar-tillögu í þá átt, að t.d. á 6 mánaða frésti væri greidd vísi-toluuppótt, sem svaraða 18 þúsund krónur en á umframlaun ekki neitt. Eg sagði, að hvað sem öðru liði væri ekki tímabært að koma fram með neina slíka miðlunartillögu á þessu stigi mál-sins. Hún mundi aðeins ýta undir kratana og láta þá halda, að Sjálfstæðismenn, og þar með ríkisstjórnin, atluðu að láta undan. Sönsuðust menn að það í bili hvað sem síðar verður.

Vinnuveitendur hafa verið að herða samtök sín og þykjast nú vera hinir eindregnustu. Sumir eru þó linir, t.d. er full-yrt, að Sturlaugur Böðvarsson á Akranesi hafi verið búinn að lofa að semja við kratana þar, en hefur nú lofað að gera það ekki. Hitt er skiljanlegt, að þájafélag Hafnarfjarðar með fyrirtakjum sínum semjá eins og kratarnir vilja. Er erfitt fyrir Helga Hannesson að komast hjá því að semja við sjálfan sig.

Samstarfið innan stjórnarinnar hefur gengið friðsamlega enda ekki mikil að það reynt. Einhverjar sagnir eru um það, að Eysteinn eigi fyrir nokkru að hafa sagt, að menn yrðu að vera viðbúnir kosningum. Ekki veit ég enn í hvaða sambandi þetta að hafa verið sagt, og ekki hefi ég orðið var við neina óvenjulega ókyrrð þeirra í stjórninni.

Við sendum þér á laugardaginn skeytí út úr síldarlysissölu. Mér sýnist hæpið að selja meira magn fyrr en búið er að reyna samninga við Bretta. Verksmiðjurnar telja raunar úti-lokað, að Bretar vilji borga viðunanlegt verð, en ekki er hægt að ganga fram hjá þeim án þess að reyna.

Agreiningur kom upp milli síldarverskmiðja ríkisins og Richards broður þíns út úr solu til Noregs. Er það hin eilífðeila um umboðsmann og hefi ég ekki viljað blanda mér neitt inn í það mál, enda tel ég að svo stöddu ekki tímabært að selja neitt til Noregs, sbr. það, er fyrr segir. Sjálfsgagt hefur þú látið frá þér heyra um þetta mál löngu áður en þú færð þetta bréf. Skal ég því ekki ræða meira um það.

Tíðarfari er hér svipað og verið hefur og viðast hvar á landinu mikilir snjóar. Hér í Reykjavík hiti oftast undir frostmarki. Er snjór í þánum að vísu orðinn lítill og þó er nú, þann 2. apríl, hríðarmugga. Vegna harðinda horfir enn á ný til vandræða á Austur- og Norðurlandi og hefur stjórnin samþykkt að hlaupa undir bagga um kosthað við flutning á heyjum til Austurlands.

Alltaf kemur eitthvað upp af málum, sem gott væri að þú varir við til ákvörðunar um, eins og nú síðast samningaumleitan-ir Kristjáns Einarssonar suður í Brazilíu um clearing-viðskipti. Kann að vera nauðsynlegt að gera slíka samninga, en Kristján hefur ekkert umboð til samninga og enga bekkingu á innflutningsmálum,

sem gerði honum mögulegt að undirbúa gerðir sínar af hokkru viti. Hefir því orðið að stöðva umleitanir hans á meðan mális er til frekari athugunar hér heima, m.a. það, hvort sérstakan samningamann skuli senda suður þangað.

Um Spánaðræðurnar virðist mér allt gott að segja. Einungis skilst mér, að nokkur efi sé að því, að hægt verði að útvega nóg af hrognum, vegna þess hversu seint þau komu til sögu. Hitt er við að miklir örðug-leikar eru á því að kaupa vorur þaðan. Þetta þekkir þú miklu betur en ég og skal ég því ekki um það ræða. Hér fullyrða menn, að Lókvík taki provision af öllu, sem keypt er suður þar, og mælist að vonum illa fyrir.

Læt ég þetta rabb nægja í bili. Ég vonast til þess að þú dveljir suður þar þangað til þú hefur fengið verulega hvíld og býst því ekki við. Að sjá þig fyrr en að þessum mánuðum liðnum. Ég bið mjög vel að heilsa þinni ágætu konu og vona að ykkur lífi ófum vel.

Með beztu kveðjum,

Reykjavík, 16. apríl 1951.

Góði vinur:

Eg þakka fyrir langt og ítarlegt bréf sem ég fékk nú um helgina.

Héðan er lítið markvert að segja. Helst tala menn um, og að vonum, hversu tíðarfarið er slæmt. Hér er enn hörkuvetur. Sumir segja að verið hafi 16 stiga frost hér í nótt, en menn vita með vissu að það hefi verið 8-9 stiga frost í morgun. Stórhrið hvað vera víða um landið og má nærrí geta, að hjá mörgum er farið að prengjast fyrir dyrum. Enn eru þó litiar fregnir af því en ugger í monnum hvað framundan sé.

Vinnufriðurinn helst samiclegur enn. Þó er yfirvofandi verkfall hjá starfstulkum á ríkisspítolunum og öðrum slíkum stofnunum. Hefur verið reynt að ná sáttum með því að auka einhver hlunnindi án þess að bein grunnkaupshækken kemi til. Sú tilraun fór út um þúfur og er nú óvissa um, hvað til bragðs verður tekið. Verkfallsbrölt Alþýðusambandsins hefur ekki leitt til neinnar niðurstöðu enn. Það herbragð að láta Hafnarfjarðarbað semja við verkalyðsfélögin suður þar fór nánast út um þúfur, og hefur ekki orðið til þess að ýta undir aðra í verkfallsaformum.

Verkfallinu á Akranesi var frestað vegna ágreinings um það, hvort það væri löglega boðað. Ráðgert er að hefja það þann 19. ef félagsdómur segir það þá ekki óloglegt eða einhver onnur atriði koma til. Eins mun vera einhverjir fleiri staðir í undirbúningi með verkfall, en ekki sýnist það vera sérlega alvarlegt. Kommar bíða átekta; tala um í blöðum sínum að styrkja þurfi að stöðuna og veita vinnuveitendum og ríkisstjórninni það högg, sem dugi til að drepa mótsþöðvilja þeirra í einu. Buast má því við að kommar leggi með sitt líð fram síðar í vor og þá sérstaklega í sambandi við síldveiðarnar. Sannleikurinn er sá, að þó að allir kveini undan dýrtíðinni þá er líttill hugur í monnum til verkfalla sem gát fylgja hér með, skilst mér vera samdar af professor Ólafi Björnsyni. Eins og ég mun hafa drepið á um

Sjálfstæðismenn í verkalyðsfélögunum þykast vera milli steinþog sleggju. Á dögum sambykktu þeir dálítið hæpna tilfögu í Óðni. Um það mal er nú verkalyðsmálanefndin okkar að ræða. Tillögurnar, sem ég gát fylgja hér með, skilst mér vera samdar af prof. Ólafi Björnsyni. Eins og ég mun hafa drepið á um

Hr. atvinnumálaráðherra
Ólafur Thors.

daginn hefi ég reynt að draga úr millögugarð þessari;
veit ekki hversu lengi það stoðar.

Haldinn var Varðarfundur þegar "frílistinn" lá endan-
lega fyrir og þó aður en fullnaðarsvör fengust frá Banda-
ríkjumónnum. Þau eru naumast komin enn og er nú farið að
hilli undir þau. Varðarfundurinn var undirbúningslítill
enda fasóttur. Björn Ólafsson hélt þar frumræðuna, en
verzlunarmenn höfðu allt á høggum sér, hvortuðu undan
peningaleysi, kredit-brengslum hjá bökkunum og of ströngum
kröfum um fyrirfram-greiðslu á þeim vörum sem keyptar eru
gegnum bankana. Hefi ég ekki verið á fundi í morg ár þar
sem öllu erfðara, eða réttara sagt omögulegt, var að koma
vitíðu fyrir mikinn hluta fundarmanna. Hinir skárrí menn
skómauðust sín bó fyrir frammistöðuna og niðurstaðan var
sú, að samþykkt var ánægjuyfirlýsing yfir aðgerðir flokksins,
en einnig tekið úr tillogu hinna óanægðu nokkur hluti og
samþykkt gegn okkar atkvæðum. Ánægja verzlunarstéttarinnar
yfir fengnu frelsi gat sem sagt ekki minni verið þegar á
skyldi reyna.

Hjá ríkisstjórninni hefur lítið gerzt; samvinnan gengur
skaplega en heldur ekki meira eins og þu þekkir. Ég mun í
síðasta bréfi hafa drepið að orðrom um það, að einhver ókyrrð
vari í Framsóknarmönnum. Fallyrt er að Eysteinn Jónsson
hafi að einhverjum þróngum fundi, ~~verið~~ sagt, að menn þyrftu að
vera búinir við kosningum hvenær sem væri. Framsóknarmenn
úti um sveitirnar varu óanægðir, og gæti því verið réttara
fyrir flokkinn að fara í kosningar aður en óanægjan grafi um
sig. Heldur en að bíða. Hermann á að hafa bagað þegar betta
var sagt og var það tekið svo sem hann væri þessu ekki sammála.
Allt er betta of óglöggt til að með það megi fara frekar, en
ég hefi heyrт það ur fleiri áttum og Pétur Ottesen segist
fullviss um að betta sé í höfuðatriðum rétt. Hinsvegar hefi
ég sem sagt ekkert orðið var við neina sérstaka ókyrrð innan
stjórnarinnar.

Erfiðileikar munu hafa verið á því fyrir Framsóknarmenn
að koma sér sama um frambjóðanda í Mýrarsýslu og varð það ofan
á að velja Andrés í Síðumúla. Við hofum sagt Petri að við
verum reiðubunir að koma með honum á fund til útnefningar á
honum uppfrá, hvenær sem hann vilji.

Samningarnir um varnarmálín þokast áfram en ganga þó
heldur hagt. Þetta er orðið svo langt mál, að óhjákvæmilega
hlytur að taka alllangan tíma að átta sig á ollum atríðum.
Gengur einnig í þessu eins og annarsstaðar, að við ihugun ^L 200
rekast menn á vafaatrið, sem verður að fá úr skorið hvað í
felist, aður en lengra er haldið. Þó geri ég ráð fyrir að nú

næstu daga dragi til úrslita um afstöðu í þessum málum og hefi eg ekki séð ástæðu til að draga ákvörðun til binnar heimkomu, þar sem ég veit að þú ert okkur sammála í öllum meginatriðum. Tel ég einnig þess vegna ástæðu-laust að farlað gera þér grein fyrir vafaatriðunum, sem hvort eð er geta breyzt dag frá degi. Hins vegar gæti verið gott í þessu sambandi, serstaklega ef þingið verður kvatt saman eins og frekar má búast við, að vita hér um bil hvenær þín er von. Eg vil þó taka fram að ég er ekki að ýta á eftir þér. Mér finnst um að gera að þú takir þér þá hvíld sem þú þarfnast svo þú verðir hress á eftir.

Læt petta duga í bili. Vona að þér og þínnum líði vel. Bið sérstaklega að heilsa Ingibjorgu og öðrum skyldmennum ef þau eru nærstödd.

Með beztu kveðjum,

Reykjavík, 5. apríl 1951.

Heiðraði vinur:

Eg þakka þér fyrir bréfið á dögunum og vonast til þess, að þér og þinni fjölskyldu lífi vel og að þið séu búin að koma ykkur samilega fyrir.

Ástæðan til þess að ég skrifa þér er, að ég vildi biðja þig um að láta starfsmenn sendiráðsins, og þá helzt Eirík Benedikz, sem er kunnugur á söfnum, gera dálítið fyrir mig. Ég hefi hug að því að safna saman því, sem sagt hefur verið um hernaðarþýðingu Íslands. Sumt af því höfum við undir höndum, eins og ummæli Churchills í endurminningum hans, ummæli hernaðarsérfræðingsins ameríkska, Baldwina, en þar fyrir utan er f fjölda bóka, þáði um síðustu styrjöld og frá fyrra stríðinu, vikið að þessu efni.

Hefti ég t.d. í huga ummæli þýzka herfræðingsins Haushofer, sem Baldwin vitnar í, ummæli þýzka admiralsins, von Wegener, sem í bók sinni "Die Seestrategie des Weltkrieges", sem gefin var út 1927 ~~og~~ víkja að þessu efni, enskó admiralsins, sem skrifaði um fyrri styrjöld og ég kem ekki fyrir mig hvað heitir, en hann mun einnig hafa á þetta minnst, og þannig mætti lengur telja. Kunnugur maður, sem þetta skoðar að bokasöfnum getur auðveldlega fundið helztu staðina á skommum tíma með því að flætta upp uppsláttarorðum, og vildi ég nú fara þess á leit, að þú beiddir Eirík Benedikz að ganga í þetta.

Pá væri einnig mjög mikilsvert ef hann athugaði, hvort í brezkum söfnum væri til þingtíðindi frá Kominternfundinum haustið 1920, þar sem Lenin að hafa sagt eitt hvað um hernaðarþýðingu Íslands. Við höfum látið leita að þessu í Bandaríkjunum en ekki fundið þar. Ef til vill er þetta til í Bretlandi og jafnvel þótt þetta sé til á rússnesku ætti að vera auðvelt að ~~síðan~~ það. Hugsanlegt er einnig, að starfsmenn í upplýsingapjónustu Atlanzhafsbandalagsins hafi einhver gögn um þetta efni og gæti Gunnlaugur Pétursson athugað það þá.

Herra sendiherra
Agnar Kl. Jónsson,
London.

Ég bið þig sem sagt um að láta ganga í þetta
og væri mér mikil þókk í því ef þú getir sent mér eitthvað
hér um þetta við fyrsta tekifari, helzt með næstu flug-
ferð.

Bið að heilsa allri fjolskyldu þinni og starfsfólki
sendiráðsins.

Með beztu kveðjum,
þinn einlagur,

Icelandic Legation
17. Buckingham Gate
London, S.W.1.

TELEPHONE: VICTORIA 5337-8

30.X.1951.

Godi vinur,

fækka þér bref þitt í síðasta
stjórnarþótti, sem átti að vera kominn
hingað síðastliðin þriðju dag en lýndis
og komst ekki í ókvar hending fyrir en á
föstudagskvöld.

Það var þui ekki langur tími til
stefnu, laugardagurinn var gagnslaus,
en á manudagsmorgun fór ég strax á
stúfanu til að reyna að hafa upp á
aílyktuninni, sem heitir orist fullu nafni
"Third Communist International. XIIth
Plenum of the Executive Committee of
the Communist International : Theses
and Resolutions." 1931.

Ég held að ég sé biðin að koma í
ullas raudar og raudflekkottar töku-
bindri og klúppa í London til persóna
fá eintak af persum bokling. Allir,

sem eg hitti Rönnudur vid hann, en voru merki
lega sammala um, at omögelegt myndi ad
þa i eintak, þoi at upplagid hefði eyðilagst
i loftáras. Var mei sagt, ad FLOKKURINN
atti ekki eintak til og ad einna ráðið væri ad
fa at lesa bókina i British Museum. Þe,
þurfti ekki ad láta segju mei petta, þoi
ad þangad fór eg fyrt af öllu til persas
fa titilinn.

Ni vildi svo skrifilega til, at eintak
British Museum var, utlánir pegas eg kom
þangað og durgur sa, sem það hafði ^{það} (hann
var með Jesirshair og Júdasarskegg og svo
skitugur at mann kliðið vid ad koma
nálagt honum) var tregur til ad lofa mei
ad glugga í það. Þó let hann til leidast
og hrípaði eg náði þar hótur, sem fylgja
hef med, milli pers ónnian þóttu þurfa
ad fletta upp i þori.

petta tók svo langan tíma, at eg gal
ekki látið velrítia neitt af persu, þer ad
stílkurnar voru farnar pegas eg komst
þóks aftur neppi ólubritad og verðeqad
bidga þig af sökunar a' þori.

Audritad varð eg ad fara yfir petta
í næsta hundraðaari; en eg held þó ad eg
hafi nái meitu af því ólm mali skipti,

enda þótt snubbott sé framsetningin.

Ufirlætt fínslir mír plagg felta hund-
þræktilegt og efast ej um að fer geli sáði
það að nokkrar gagni.

Um afslöðu kommunistaflokkurinn
ýmisu landa til flokkans í USSR. er hvergi
talað beint. Allar hvatningar, úskorunir
og ákvæðarir eru í nafni E.C.C.I., án
í þeiri nefnd eru meðir ur morgum löndum,
f.d. finnlandi, Kina, Japan, oft.

'A Nordurlönd og Island ða' eg hvergi
minnst.

Vére eg að rótur þar sem ej sendi
gefi nokkrar hugmynd um þérann þótt
sundurslauðar sér.

Eg hefi áttað getað fengið við, eftir
gremslanina um honadvípiðingu Islands,
mert vegna þess að lestrarsalurinn i
British Museum hefir verið ekki veggja
útgjerta og salus sa sem notadur er hér
á meðan tekur ekki nema nokkrar hráður.
Eru útlar þangar svo takmörkud, að þei
leyfa aðeins sex skráðar á kjáft að dag.
Eg okal þó hráð þessi eftir matti.

Magnús Vigni senti mið öðk Hinrik
Óttossonar og hefi eg ósíð að grennslast
eftir því hjá taumum og "Drum". Hvort þei
kannist nokkusid við rætu Lenin, en svo
vildit sem enginn hafi reitt um fett
þeyrt, eða spilett reina rætu i þessa
átt. Eg hefi þó fengið leford um að vera
kyntur á næstunum fyrir fyrr. tilstýri

sem fylgdist á sínum tíma vel með öllum
ordum og gerðum kommuñista og var, að
því að sagð er, landvænginn þeim. Verður
förlagt að sjá hvort hann karnaðist við
þetta.

Eg sendi þei einingi nið photoostat mynd
af grein Hinrikss Ottossonar, sem birtist
í þingbíldinum 2. Internationale og þú
fækkti í enskrí þjórningu í sumar sem
leid. Það getur verið gott að hafa mynd
af originalnum.

Meg bæstu kveðum til ykkars lýðanna
fenn einl.

Björn Benediktz.

SENDIRÁÐ ÍSLANDS

London 6. mars 1951.

Kæri ráðherra,

Ferðin hingað til London gekk allgreiðlega, við vorum alls tæpa fjóra sólarhringa á leiðinni, og má segja, að allt hafi farið vel, enda þótt ólöf og mamma hafi verið lasnar, begar við fórum af stað. Á skipinu veiktist Áslaug litla í eyranu og burftum við við komuna hingað því að byrja á að leita læknis handa henni. Ég vona nú, að hún sé á sæmilegum batavegi, enda bótt eyrað sé ann ekki orðið gott.

Strax eftir komu mína hingað afhenti ég Foreign Office afritið af trúnaðarbréfi mínu og var mér tilkynnt, að konungur mundi geta tekið á móti mér s.l. föstudag, eða tæpri viku eftir komu mína, en síðar var því frestað, vegna smá lasleika hans og er dagurinn nú ákveðinn næstkomandi fimmtudag 8. marz.

Annars er ég búinn að heilsa aðalforstjóra Foreign Office og nokkrum öðrum yfirmönum bar, sem við höfum með að gera. Í vikulokin byrja svo hinan óhjákvæmilegu heim-sóknir til diplomatanna og embættismanna í ráðuneytunum.

Þessa dagana hefi ég notað til þess að kynna mér ýms maledni í sendiráðinu og lesa skjalabögglar. Eins hefi ég verið að kynna mér ástand hússins og hvaða ráðstafanir gera burfi til þess að koma því í viðunandi horf, en á það skortir því miður verulega, svo sem bér mun ekki allskostar ókunnugt um. Gunnlaugur var búinn að koma tveimur Herra utanríkisráðherra

Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.

efstu (íbúðar) hæðunum í gott lag, en þar voru klæðaskápar í öllum stofum jafnt setustofum sem svefnstofum og er óum-flýjanlegt fyrir mig að láta fjarlægja þá úr aðalsetustofunni. Eldhúsið þarf líka að endurbæta verulega, eins og Gunnlaugur Pétursson var búinn að skrifa um, og aðalvið-hafnarstofuna þarf líklega að mala áður en húsgögn koma bar, en ég er begar byrjaður að athuga um þau, og mun ekki veita af tímans vegna, ef húsið á að vera í nothæfu lagi fyrir 17. júní, sem mig langar mikið til. Borðstofuhúsgögn eru komin og eru smekkleg. Diskar, glös og silfurborðbúnaður er alveg nýkomið og er tvennt hið fyrrnefnda mjög vel viðunandi.

Ég get ekki annað sagt en húsið hér sé á ágætum stað og vel sæmandi fyrir Ísland, bótt það sé erfitt til íbúðar með alla hina mörgu stiga. Ég er viss um, að við munum kunna vel við okkur í því og í Englandi yfirleitt. Allir, sem við höfum hitt, hafa tekið okkur vel og viljað greiða götu okkar. Næg verkefni eru hér að því er störfin í sendiráðinu snertir, og starfsfólkið traust. Ég vona því, að okkur hérna takist að vinna að hagsmunum Íslands á viðunandi hátt. Allt er undir því komið, að hægt sé að varðeita friðinn í heiminum, og vonandi að Atlantshafsbandalaginu takist, að ná því markmiði, sem því er ætlað í þessu sambandi.

Ég skal svo ekki hafa betta lengra að sinni, en mig langar til þess að ljúka þessu bréfi með því að pakka þér hið góða samstarf okkar undanfarin ár og þá vináttu, sem þú hefur sýnt mér í því.

Með beztu kveðjum,

binn einlægur,

Agnar.

Reykjavík, 22. október 1951.

Góði vinur,

Það er langt síðan ég hefi nokkuð heyrт
fré þér um hvernig gengur eftirgreinslan þín á gögnum
um hernaðarpýðingu Íslands. Vona ég samt, að þú haldir
athugun þessari áfram, því að mér bykir miklu skipta,
að við öflum okkur heildaryfirlits um það, sem um þetta
hefur verið þitað.

Að þessu sinni vildi ég þó biðja þig um að
athuga annað atriði fyrir mig, og það er, hvort þú
gætir aflað ályktunar 12. þings Kominterns, sem sennilega
hefur verið haldið á árinu 1932 eða þá einhverntíman
31. Ef þar na er um langt mál að ræða, vildi ég biðja
þig að fara yfir það og sjá, hvort nokkuð er í því,
sem þú 'eldir sérstöku mæli skipta og þá auðvitað
einkanlega um afstöðu kommunistaflokka utan Rússlands
til flokksins þar. En ef ályktunin er stutt, getur
þú e.t.v. afritað hana alla og sent okkur.

Petta vildi ég biðja þig um að ganga í
nú þegar, þannig að ég gæti fengið ávoxtinn af starfi
þínu sendan heim ekki seinna en með flugvélinni, sem
ventanleg er eftir vikutíma.

Ég vona að þér og þínu fólk liði vel.
Bið að heilsa konu þinni og starfsmönnum sendiráðsins.

Með beztu kveðjum.

Herra sendiráðsritari Þórir Benedíkz.

L o n d o n .

*Icelandic Legation
17. Buckingham Gate
London, S.W.1.*

TELEPHONE: VICTORIA 5337-8

12. apríl 1951.

Heiðraði vinur,

Ég leyfi mér að þakka fyrir
bréf þitt, dags. 5. þ.m., viðvígjandi
söfnun á gögnum um það, sem sagt hefur
verið um hernaðarbýðingu Íslands og
hefur Eiríkur Benedikz nú þegar hafið
rannsókn á bókum og ritum í British
Museum.

Ég vonast til þess að hægt
verði að senda bér heim mjög fljótlega
eitthvað, sem má að gagni koma í sam-
bandi við þetta mál, en sendi bessar

Herra utanríkisráðherra
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

línur eingöngu til bráðabirgða til
þess að láta þig vita, að bréf þitt
er komið og söfnun gagnanna hafin.

Með beztu kveðjum til þín
og fjölskyldu binnar fá okkur ólöfu,
binn einlægur,

Aquas Re-Jonass

SENDIRÁÐ ÍSLANDS

London 17. apríl 1951.

Góði vinur,

Sendiherra skrifaði bér víst um daginn til bráðabirgða út af söfnun heimilda um hernaðarþýðingu Íslands.

Ég hefi nú setið um bað bil heila viku í British Museum og flett upp í bókum og leitað, en hefi sann sem komið er orðið fyrir nokkrum vonbrigðum um árangur.

Er víst bezt, að ég skýri bér frá hvernig ég hefi háttar verkinu, svo að bú sjáir betur hvað gert hefur verið.

Ég hefi fyrst tekið fyrir tímabilið 1914 til 1920 og til þess að fé heu rit, sem líklegust bykja, hefi ég slegið upp í efnisskrá (Subject index) British Museum undir fyrirsögnunum: Military Science, Strategy, War on the Sea, War in the Air, Naval bases, Air bases, History of the 1914-18 war, European Politics og nokkrum fleiri "headings". Hefi ég því næst fengið bær bækur, sem safnið á um bessi efni og auðvitað notað registur bar sem bau finnast, en bótt undarlegt megi virðast eru bau oft mjög léleg í bókum frá þessum tíma og í býzkum og frönskum bókum eru hér um bil undantekningalaust engin registur. Gerir betta verkið erfiðara og tímafrekara.

Ég hefi þó komið til að fletta upp í á þriðja hundrað ritum um betta tímabil og aðeins fundið Íslands getið í tveimur beirra, b.e. Harper's Pictorial Library of the World War, Vol. IV (The War on the sea, bls. 90-91). Er þar minnsta á Ísland, sem stöð í hafnbannslínu Breta gegn Þjóðverjum. Segir þar svo: "After the middle of the year 1915, as the menace of mine and submarine increased the patrolling vessels were withdrawn still further and lines established to the north-westward of Scotland and Orkneys, blocking the north-about steamer route on the line to Iceland".

Herra utanríkisráðherra
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík

Sama er sagt í Frothingham, Naval History of the World War, Vol III, bls. 76, og Wegener, Seestrategie (sbr. brét bitt til sendiherra).

Ég er sem von er mjög óánægður með bessar eftirslægjur, en lærður maður í British Museum, sem verið hefur hjálplegur, segist ekki vera neitt hissa á bessu, því að í efni sem bessu verði maður að leita árangurs "by process of elimination". Kann þetta rétt að vera, en skemmtilegra væri bó, að báu tímabil, sem eftir eru að fara í gegnum, sýndu meiri uppskeru.

Ég hefi orðið að hætta verkinu um stundar sakir, því að hér í sendiráðinu eru einhver ósköp að gera. Sendiherra er í Hollandi að afhenda embættisskilríki sín, Gunnlaugur er á kafi í NATO og kemst ekki yfir það allt og einhver verður að vera á skútunni. Lagast þetta vonandi bráðlega og get ég þá byrjað aftur.

Mér þætti bó vænt um, ef þú vildir láta mig vita, hve nákvæm citöt þú vilt fá af þeim stöðum, sem finnast um Ísland og eins ef þér dýtti í hug "headings" sem leita myndi undir og mér kynni að hafa skotizt yfir.

"*Venio nunc ad nomen aureum*" eða "Lenin, sem ríkti í rauðum heim". British Museum á bingtíðindi annars internationale frá júlí/ágúst 1920. Hefur rússnesku specialisti safnsins gert mér þann greiða, að slá upp í registri og fletta í þeim, en ekki segist hann hafa getað fundið, að Lenin hafi sagt þar neitt um Ísland. Starfsmáðurinn benti mér bó á eitt, sem getur skýrt málið. Auk sjálfra bingtíðindanna var gefið út rit, sem á að vera "shorthand" skýrsla um allt, sem á fundum þessum hefur verið sagt, en í formála ritsins barma kommarnir sér yfir því, að einungis hafi verið hægt að fá two eða brjáhraðritara, sem kunnu býzku, sinn eða two til að taka niður á frönsku, en engan á ensku. Hafi bessir menn ekki haft við að taka niður vísdóminn og séu því víða eyður í ræðum og hafi

sumar jafnvel fallið alveg niður. Gæti betta ef til vill verið súþring á því, að ummæli Lenins um Ísland hafi ekki fundizt neinstaðar.

Ekki er bō alveg útilokað, að Isvestia eða Pravda kunni að hafa minnst á betta, en eintak British Museum af blöðum þessum frá júlí til ágúst 1920 er mjög glóppótt, svo að hér er ekki hægt að ganga alveg úr skugga um betta. Segja beir, að eintak Library of Congress sé fullkomnara en það sem hér er til.

